



**Byggingarlýsing:**

Sótt er um leyfi til að byggja glerskála á lóðinni Vikurbraut 10 í landi Vatnsholts.

**Undirstöður.** Reknir verða niður á burðarhæfan botn  $\phi 250$  mm gagnvarðir staurar með um 2,5 m millibili. Langbönd úr 2 stk. 45x145 mm sem bera uppi húsið verða boltuð föst ofan á staurana og langbönd 145x95 mm sem bera upp ytri brún á sólpalli. Sperrur 45x145 mm í burðargrind sólpalls leggjast ofan á langbitana að framanverður og festast við reim 45x145 mm sem skráfast föst utan á krossviðarklæðningu útveggjanna. Timbur í langböndin og sperrur undir sólpappi skulu vera húspurr gæðastaðall T1 og fúaverjast með minnst tveim umferðum af viðurkenndu fúavarnarefni. Leggja skal tjörupappa ofan á langböndin og sperrur sólpalls og skal hann ná 2-3 sm niður á hliðar þeirra.

**Gólf.** Gólfbitar 45x145 mm leggjast þvert ofan á langbönd með c/c 60 cm millibili. Timbur í gólfbita skal vera húspurrkað gæðastaðall T1. Skrífa skal 22x95 mm gagnvarið timbur í lím neðan á gólfbitana, þannig að það standi 22 mm út fyrir gólfbitana báðu megin. Fella skal síðan 12 mm tjörutex niður á milli gólfbita þannig að það hvíli ofan á gagnvarða timbrinu. Festa skal texinu með 25x25 mm timburlistum ofan við textið. Einangra skal milli gólfbitana með 145 mm steinullareinangrun. Ofan á gólfbitana og einangrunina skal setja rakavarnarlag t.d. Þolplast (0,2 mm þykkt í heilum lengdum) og skeyta hann og líma tryggilega saman ofan á á gólfbitum. Ofan á rakavarnarlag skal klæða með 18 mm rakapölnum spónaplötum. Ofan á plötuklæðninguna skal síðan koma plastparket eða annað gólfefni sem eigendur ákveða.

**Útveggir.** Útveggir eru gerðir úr 45x125 mm húspurrkaðri furu/greni stöðum, gæðastaðall T1. Klæða á utan á timburgrind útveggja með 12 mm rakapölnum grenikrossvið. Utan á krossviðinn er klætt með standandi klæðningu (ein lögd á tvær). Veggir á að einangra á milli stöða með 125 mm steinull (þéttull). Inna á grind og einangrun kemur rakavarnarlag sem skeyta á og líma tryggilega saman á stöðum. Innan við rakavarnarlagið kemur 12 mm rakapölnum grenikrossvið. Utan á grenikrossviðinn koma 22 mm timburlistar (lagnalistar). Innan á timbur listana er klætt með 12 mm viðarklæðningu eða annarri klæðningu að vali eigenda.

**Gluggar og hurðir.** Gluggar eru úr furu og hurðir úr furu límré frá vottuðum framleiðenda. Hurðir og gluggar skulu vera heilmáluð allan hringinn með viðurkenndri viðvarmarmálningu, grunnuð og minnst tvímáluð. Timbur skal vera furu smíðaviður 1. fl. B eða betra. Gler í glugga er tvöfalt gler frá viðurkenndri glerverksmiðju. Þéttingar í kringum glugga skulu vera samkvæmt fyrirmælum gluggaframleiðenda.

**Þak.** Þaksperrur eru úr 45x220 mm húspurrkaðri furu/greni, gæðastaðall T1. Klæða á ofan á sperrur með 18 mm vatnspölnum grenikrossvið. Ofan á krossviðinn kemur þakdúk og bárumálmklæðning þar ofan á. Undir krossviðinn kemur 25 mm loftbil með tveim 32 mm loftörum með ryðfríu flugnaneti í hvert sperrubil. Loftbilið skal gert með 25x25 mm listum sem negldir eru efsi utan á sperrurnar upp við krossviðinn. Neðan við listana á að klæða með masonit plötum sem hefta á við 25x25 listanna. Einangra á milli sperra, neðan við masonit plöturnar, með 200 mm steinullareinangrun. Neðan á sperrurnar og einangrunina skal setja rakavarnarlag sem skeyta á og líma saman á sperrum. Neðan á rakavarnarlagið skal festa 22 mm timburlista (lagnarlista). Neðan á lagnarlistana kemur 12 mm viðarklæðning eða önnur klæðning að vali eigenda.

Allt timbur skal vera með minna efnisraka en 14% og skal varið fyrir úrkomu á byggingartíma.

Við frágang rakavarnarlags skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda, t.d. SIGA (siga.ch) og RB-rit nr. 95.

Allir boltar, skráfur og naglar skulu vera út galvaniseruðu efni eða ryðfríu. Vanda skal vel til allrar vinnu. Allar festingar skulu vera vandaðar og traustar.

Glerskáli verður hitaður með rafmagni.

Engin hreinlætistæki eða neysluvatnslagnir verða í glerskálalum.

R Táknað reykskynjara  
 SL Táknað 6 kg. slökkvitæki

Helstu stærðir glerskála: Brúttó flatamál 40,0 m<sup>2</sup> og brúttó rúmmál 108,4 m<sup>3</sup>.  
 Sólfallur 90 m<sup>2</sup> (Sjá einnig stærðir í skráningartöflu).

Kólnunartölur:	(W/m <sup>2</sup> °C)*	(W/m <sup>2</sup> °C)**	(W/m <sup>2</sup> °C)***
Þak	0,20	0,2	0,3
Léttur útveggur	0,33	0,3	0,4
Gólf	0,20	0,2	0,4

\* Áætlaðar kólnunartölur húss.  
 \*\* Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, Innihiti yfir 15°C.  
 \*\*\* Ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012, Innihiti undir 15°C.

Þar sem hér er um glerskála er að ræða er eðlilegra að miða kólnunartölur við lægri hitastigið þar sem húsið verður eingöngu haldið frostfríu að vetrarlagi (innihiti um 5°C).

TILVÍSUN

**VERKÍS**

www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMPYKKT: Rafn Kristjánsson

A 01.12.14 byggingarm.teikning EH RK PEL RK

ÚTG DAGS SKÝRINGAR TEIK HANN RÝNT SAMP

Glerskáli Vikurbraut 10  
 í landi Vatnsholts

Afstöðumynd og byggingarlýsing

VERKFANG 14293 TEIKNING 001 A